

VÍÐSJÁ

Rit Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi
11. árg. 2. tbl. 2019

**Hljóðbók
frá upphafi til enda**



**Prívíddarbylting?
Evrópuverkefnið
Print 3D**

**Blindrafélagið
80 ára**

**Ekkert til að skammast
sín fyrir
Viðtal við Gísla Helgason**



NÚ ÁN
LYFSEÐILS

Valaciclovir Actavis

– til meðhöndlunar á frunsum

Valaciclovir Actavis 500 mg, filmhúðaðar töflur. Lyfið er notað við meðhöndlun á frunsum hjá heilbrigðum einstaklingum með eðlilega nýrnastarfsemi, sem eru 18 ára og eldri, hafa áður verið greindir af lækni með áblástur (frunsur) og þurfa endurtekna meðferð vegna áblásturs. Gleypa skal töflurnar heilar með vatni. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is

 Actavis

VONIR OG VÆNTINGAR Á AFMÆLISÁRI

Ávarp formanns - Sigpór Hallfreðsson

„Hafa skal það sem hendi er næst og hugsa ekki um það sem ekki fæst“ var gjarnan orðatiltæki ömmu minnar í Flatey eða kannski öllu heldur æðruleysisbæn í dagsins önn og amstri. Vísast var þetta gott veganesti á fyrri hluta síðustu aldar þegar lífsbaráttan var harðari og tækifæri fólks önnur en við njótum í dag. Í skilningi ömmu fólst í þessu að gera það besta mögulega úr þeim tækifærum sem bjóðast og efni standa til án þess að gera sér allt of miklar grillur yfir því sem ekki er tiltækt. Enda kallast þetta máltæki á við æðruleysisbænina sem flestum er kunn.



Einhverjir gætu ályktað sem svo að í þessu felist að farsælast sé að gera væntingar sínar svo hófstílltar að maður vænti einskis. Þá verður maður aldrei fyrir vonbrigðum og allt er gott. En því fer fjarri þó svo að í gegnum tíðina hafi þeim sem talist hafa „dregið stutta stráid í lottói lífsins“ verið ætlað ljóst og leynt að gera það og átt að sætta sig við hvaðeina sem þeim var skammtað úr hnefa.

Enda hefur verið sagt að væntingastjórnun felist í að halda fólki ánægðu með því að búa það undir það versta þegar það besta er ekki í boði. Því ánægjan felist ekki í hvað þú færð, heldur hvað þú fékkst miðað við það sem þú bjóst við.

Þetta má vel til sanns vegar færa en segir ekki alla söguna þó að væntingar snúast alltaf um viðmið. Væntingar fólks á hverjum tíma taka mið af aðstæðum og geta líka falist í menningunni og hefðinni og þeim fyrirmyndum sem eru til staðar. Viðhorf samfélagsins smita inn í vitundina og þú væntir þess sem vænst er af þér.

Þá er rétt að spyrna við fótum og hugsa sinn gang, það er mikið svigrúm á milli óskhyggju og einskis. Óraunhæfar væntingar eru vissulega líklegar til að valda manni vonbrigðum en oflágur væntingar gera það ekki síður því þá getur radarinn verið stilltur undir getu og þú ert ekki að njóta eða nýta tækifærin og hæfileikana sem þú býrð yfir. Væntingastjórnun felst nefnilega ekki síður í því að hækka væntingar fólks og efla það þannig til dáða. Lágur væntingar virka sem huglæg hindrun í að láta drauma sína rætast.

Þetta vakti fyrir frumkvöðlunum sem fyrir réttum 80 árum unnu að því að undirbúa stofnun Blindrafélagsins sem varð raunin þann 19. ágúst árið 1939. Allt frá þeim tíma hefur Blindrafélagið skipað sér í röð öflugustu hagsmunafélaga fatlaðra hér á landi og notið góðs af verkum þeirra sem lögðu grunninn.

Það er ólíku saman að jafna, íslensku samfélagi nú og í upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar. Efnahagur fólks, menntunarstig, þjóðfélagsgerðin, ný tækni, önnur atvinnutækifæri – allt hefur gjörbreyst. En um leið hefur ekkert breyst því draumar fólks, langanir og þrár eru samar við sig. Allt frá fyrsta degi hefur markmið og hlutverk Blindrafélagsins verið að stuðla að því að blindir og sjónskertir einstaklingar geti lifað sjálfstæðu og innihaldsríku lífi og séu ábyrgir og virkir samfélagsþegnar. Um það snerust væntingar frumkvöðlanna og við höfum þessar væntingar enn í dag.

Margt hefur áunnist í tímans rás og málin þokast til betri vegar í 80 ára sögu Blindrafélagsins. Enn er þó langt í land með að allir fái tækifæri til að njóta sín á eigin forsendum í okkar samfélagi. Mannauðurinn er helsta auðlind hvernar þjóðar. En á meðan starfskraftar blindra og sjónskertra sem og annarra fatlaðra einstaklinga eru afþakkaðir er samfélagið svo sannarlega ekki að gera það besta úr því sem hendi er næst, sínum eigin mannauði. Á meðan svo er í pottinn búið er svo sannarlega tækifæri fólgið í því að hækka væntingar blindra og sjónskertra, en ekki síður væntingar samfélagsins til okkar.

LEGO KUBBAR



Punktaleturskubbar.
Bls. 6.

HELGA



Viðtal við Helgu Eysteinsdóttur.
Bls. 8.

VERÐLAUN



Samfélagslampinn veittur.
Bls. 13.

HLJÓÐBÓK



Hvernig verður hljóðbók til?
Bls. 14.

AÐGENGI



Aðgengislausnir.
Bls. 17.

ELÍN MARTA



Elín Marta ræðir við Víðsjá.
Bls. 18.

GÍSLI HELGA



Viðtal við Gísla Helgason.
Bls. 20.

UPPSKRIFT



Kaffiboð árið 1939.
Bls. 25.

GRÆNNA GRAS



Pistill eftir Guðmund Rafn.
Bls. 26.

ÞRÍVÍDD



Prentun í þrívídd.
Bls. 30.

Viðsjá. Rit Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi. 11. árg. 2. tbl. 2019.

Útgefandi: Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, kt.: 470169-2149, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík.

Ábyrgðarmaður: Sigbór U. Hallfreðsson.

Ritnefnd: Rósa María Hjörvar, Gísli Helgason, Hjalti Sigurðsson, Rósa Ragnarsdóttir, Sigríður Hlín Jónsdóttir og Sigbór U. Hallfreðsson.

Ritstjóri: Rósa María Hjörvar.

Greinahöfundar: Rósa María Hjörvar, Gísli Helgason, Rósa Ragnarsdóttir, Guðmundur Rafn Bjarnason og Gréta Hauksdóttir.

Ljósmyndir: Guðrún Jónsdóttir, Guðmann Þór Bjargmundsson – Viking Portrait Studio, Friðrik Steinn Friðriksson o.fl.

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

AÐ STÍGA SKREFIÐ

Pistill ritstjóra - Rósa María Hjörvar

Ótrúlegt en satt er eitt það erfiðasta sem fólk upplifir við að missa sjónina það að ganga í Blindrafélagið. Þá verður sjónmissirinn svo raunverulegur. Við það að stíga skrefið og taka við félagsskírteininu er ekki lengur hægt að láta eins og vandinn sé ekki til staðar. Í raun er töluvert af fólki sem skilar sér aldrei eða að minnsta kosti mjög seint í raðir félagsmanna. Á bak við þetta er auðvitað sú staðreynd að það að vera fatlaður er enn uppspretta fordóma og mismununar. Fólk veit að það verður lengra á milli þess að því verði boðið með í atburði, að það verði mögulega litið hornauga á vinnustað og muni lenda í endalausum veseni í athöfnum daglegs lífs. Fólk veit það vegna þess að það hefur verið „hinum megin“ og veit hvaða stöðu fatlað fólk hefur í samfélaginu, að fatlað fólk er vel liðið, að gerð sé krafa um að það sé komið almennilega fram við það en jafnframt að ekki eru gerðar sömu kröfur til þess og ófatlaðra og að allt sem varðar samskipti við fatlaða sé umvafið óöryggi og félagskvíða fyrir þann ófatlaða. Flestir ófatlaðir eru hræddir við fatlaða. Ekki eins og maður er hræddur við ísbirni eða dreka, það er frekar hégómahræðsla. Fólk er hrætt um að segja eitthvað vitlaust, gera eitthvað vitlaust – virka kjánalegt. Og þó að margt hafi skánað – því að það hefur vissulega skánað – og þó að framtíðin sé björt og við sjáum fleiri og fleiri fatlaða taka ábyrgðastöðu í samfélaginu er enn himinn og haf á milli þess að vera fatlaður og ófatlaður. Þess vegna er blátt félagsskírteini Blindrafélagsins oft svo erfitt skref. Því er verr því að það er einmitt í okkar hópi, hjá okkur sem tókumst daglega á við fordóma, lærum að fara í kringum þá, beygja þá og brjóta sem hægt er að sækja þann styrk sem þarf til þess



að lifa með fötlun. Við gefum ekkert eftir, hjá okkur er blinda engin afsökun, við gerum kröfur til blindra og til annarra. En við skiljum líka. Við vitum hvernig það er að einangrast á vinnustað, hvernig það er þegar fólk bendir manni „hingað“ eða „þangað“, segir „þú þekkir nú röddina í mér“ eða það kemur í ljós á síðustu stundu í prófinu, samkvæmisleiknum, skólaferðinni eða hópeflinu. Við kunnum að takast á við öll litlu áföllin, að virkja æðruleysið og sjá stóru myndina, að þoka hlutunum í rétta átt á meðan maður lifir lífi með reisn og sjálfstæði. Og gleði. En við getum líka stutt fólk í raun, útvegað styrki, íbúðir, aðstoðað fólk við að sækja rétt sinn og svo erum við stærsti vinnustaður blindra og sjónskertra á Íslandi.

Þess vegna skiptir það máli að koma til okkar. Blindrafélagið er eitt sterkasta hagsmunafélag landsins, er í beinum tengslum við systursamtök sín úti um allan heim og leggur metnað sinn í að bæta lífskjör blindra og sjónskerta frá degi til dags.

Við erum ekki með eina lausn fyrir alla, við vitum að áhrif sjónskerðingar og aðlögun eru

einstaklingsbundin. Við störfum í samræmi við mannréttindasáttmálana og virðum ákvörðunarfrelsi einstaklingsins. Það er ekki okkar að ákveða hvernig fólk tekst á við fötlun sína, okkar hlutverk er að sýna fólki þær lausnir og þá möguleika sem í boði eru. Við vinnum í nánu samstarfi við Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu við að þróa fjölbreyttar og alhliða lausnir og nýtum þar okkar miklu

faglegu þekkingu á öllu sem viðkemur sjónskerðingu.

Þetta höfum við gert í 80 ár. Við höfum staðið vörð um réttindi og lífskjör blindra og sjónskertra, og við viljum að sem flestir njóti góðs af því starfi. Það á enginn að þurfa að kvíða því að ganga til liðs við okkur, samstada okkar er það sem tryggir framfarir og samvera okkar er það sem styrkir okkur.

Vertu óhræddur – vertu með!



Blindrafélagið skipuleggur nú 21. alþjóðaráðstefnu Retina International (www.retina-international.org). Ráðstefnan verður haldin í Hörpu í Reykjavík dagana 4.-6. júní 2020.

Virtir erlendir vísindamenn sem sérhæfa sig í rannsóknum og tilraunum sem hafa það að markmiði að finna meðferðir og lækningar við hrörnunarsjúkdómum í sjónhimnu eins og AMD, LCA, RP, Stargardt og Usher munu mæta og gera grein fyrir því nýjasta á þessum vettvangi.

Ráðstefnan verður öllum opin.

Frekari upplýsingar á www.riwc2020.is.





LEGO ÞRÓAR PUNKTALETURSKUBBA

LEGO-sjóðurinn hefur ásamt fyrirtækinu LEGO þróað legókubba sem eiga að auðvelda blindum og sjónskertum að læra punktaletur. Eftir að hafa hlustað á óskir blindra barna frá öllum heimsins löndum hefur LEGO ákveðið að hefja samstarf við samfélag blindra til þess að gera blindum og sjónskertum börnum kleift að læra punktaletur í gegnum leik.

Hugmyndin á bak við LEGO-punktaleturskubbana var kynnt fyrir LEGO-sjóðnum árið 2011 af dönsku blindrasamtökunum og svo aftur árið 2017 af hinni brasilíska blindrastofnun Dorina Nowill. Síðan þá hefur staðið yfir þróunarstarf í nánu samstarfi við blindrasamfélagið í Danmörku, Brasilíu, Stóra-Bretlandi og Noregi, og fyrstu kubbararnir eru nú í prófun í einmitt þessum löndum.

„Með þúsundum af hljóðbókum og tölvuforritum sem nú eru aðgengileg er orðið minna um að blind börn læri punktaletur,“ segir Philippe Chazal, frá Evrópsku blindrasamtökunum.

„Þetta er sérstaklega hættuleg þróun. Þeir sem nota punktaletur eru oft sjálfstæðari en aðrir blindir, eru frekar á vinnumarkaði og eru með herra menntunarstig. Við vonumst til að LEGO-blindraleturskubbarnir geti aukið áhuga á punktaletri, svo það gleður okkur að LEGO-sjóðurinn geri okkur kleift að þróa þessa hugmynd og gefa börnum heims tækifæri til þess að kynnst henni.“

LEGO-blindraleturskubbana verða framleiddir með samsvarandi punktum og eru notaðir til þess að tákna stafi eða tölur á punktaletri, en að öðru leyti munu þeir passa saman við

hefðbundna kubba í LEGO System vörunum. Þannig verður hægt að byggja með þeim og setja þá saman við venjulegt LEGO.

Þar að auki er prentað með svartlettri á kubbinn þannig að kennari, aðrir nemendur og aðstandendur geti lesi hvaða staf eða tölu hann táknar. Þannig getur punktaletrið auðveldlega orðið hluti af leik hjá börnunum og þannig aukið áhuga blindra og sjónskertra barna á að læra letrið sem getur nýst þeim á öðrum sviðum lífsins.

Listrænn stjórnandi hjá LEGO, Morten Bonde, sem þjáist af arfgengum hrörnunarsjúkdóm í augum, hefur verið innanhúsráðgjafi í verkefninu.

„Að upplifa viðbrögðin frá nemendum og kennurum við LEGO- blindraleturskubbum hefur verið ótrúlega mikill innblástur og hefur minnt mig á það að einu takmarkanirnar sem maður upplifir í lífinu eru þær sem maður er með í hausnum. Krafturinn í börnunum og krafa þeirra um að fá að taka þátt til jafns við aðra í samfélaginu er svo sterk. Ég verð hræddur þegar ég sé hversu mikil jákvæð áhrif varan hefur strax á námslegt sjálfstraust barnanna og forvitni.“

Kubbarnir eru í prófun eins og er en ættu að koma í dreifingu árið 2020 og verður þá dreift til útvalinna stofnana og samtaka þeim að kostnaðarlausu. Kassinn mun innihalda um 250 LEGO-blindraleturskubba, allt stafrófið og tölur frá 0-9, ásamt algengum stærðfræðitáknum og hugmyndum fyrir kennara og að gagnvirkum leikjum.

„Blind og sjónskert börn eru með drauma og metnað fyrir framtíðinni alveg eins og sjáandi börn,“ segir John Goodwin, framkvæmdastjóri LEGO-sjóðsins. „Þau hafa sömu óskir og þarfir til að kanna heiminn og gera það í leikjum en þau lenda oftast ekki í þvingaðri einangrun þar sem þau geta ekki tekið þátt í leiknum. Hjá LEGO-sjóðnum höfum við þá skoðun að börn læri mest í leik og þannig þrói þau með sér fjölbreytta færni líkt og sköpun, samvinnu og samskiptafærni, sem þau þurfa



í fjórðu iðnbyltingunni. Með þessari vöru kynnum við leikandi og aðgengilega leið til þess að læra punktaletur. Ég vona að börn, foreldrar og kennarar um heim allan séu eins spennt og við, við getum nefnilega ekki beðið eftir að sjá jákvæð áhrif þessarar vöru.“

-Rósa María Hjörvar

AUGNSKOÐUN | AUGNLÆKNINGAR | AUGNÞURRUR | LASERADGERÐIR | AUGNSTEINASKIPTI

ER MÓÐA Á GLEIRINU?

UPPLIFÐU FRELSID MEÐ BERUM AUGUM

Þú getur pantað tíma í forskoðun í síma 577 1001, sent okkur póst á ritari@sjonlag.is eða á www.sjonlag.is Sjáum hvernig við getum gert líf þitt betra.

Sveigjanlegir greiðslumöguleikar


sjónlag
SJÁÐU BETUR

www.sjonlag.is
577 1001

Glæsibær – Álfheimar 74 - 104 Reykjavík



MÁLEFNI BLINDRA OG SJÓNSKERTRA HAFNA AUÐGAÐ LÍF MITT Á SVO MARGAN HÁTT

Helga Eysteinsdóttir, formaður Blindravinafélags Íslands, í viðtali við Gísla Helgason.

Blindravinafélag Íslands var stofnað 24. janúar 1932. Það er eitt aðildarfélag Öryrkjabandalags Íslands og elsta góðgerðarfélag landsins sem er enn starfandi. Aðalhvatamaður að stofnun félagsins var Þórsteinn Bjarnason og var hann formaður þess frá 1933 og til ársins 1986, þegar hann lést. Þá tók Helga Eysteinsdóttir við formennsku og hefur verið formaður og andlit Blindravinafélagsins síðan. Okkur lék forvitni á að kynnast þessari mætu konu. Hingað til hefur hún ekki verið mjög áberandi en unnið störf sín að málefnum blindra og sjónskertra á sinn hljóðláta og hógværa hátt.

Fyrstu kynni mín af Blindravinafélaginu
„Ég kynntist starfsemi Blindravinafélagsins sem unglingur. Þórsteinn Bjarnason var föðurbróðir minn. Faðir minn, Eysteinn Bjarnason, dó þegar ég var 13 ára. Við mæðgurnar, þ.e. móðir mín, Margrét Hemmert tannsmiður, amma og við þrjár systurnar, fluttum stuttu eftir til Reykjavíkur og bjuggum í húsi föðurömmu okkar og föðursystkina. Föðursystkini mín hvöttu mig til að fara í Verslunarskóla Íslands og bjó ég fyrstu tvo veturna hjá þeim. Ég varð oft samferða Dodda frænda upp í Blindraíðn. Þar opnaðist nýr heimur fyrir mér. Blinda fólkið var svo alúðlegt við mig. Á þeim árum kom



Alþýðusamband Íslands

Doddi frændi heim með bókhaldsbækur, stóra dálkabók, frumbækur o.fl. og vann ég við að færa bókhald Blindravinafélagsins um helgar og Doddi tók svo gögnin aftur á mánudag. Ég vann við að færa bókhald Blindravinafélagsins í ein tvö ár ásamt námi við Verslunarskólann og fór svo til Danmerkur og var þar í nokkur ár.

Í nóvember 1968 féll svo Einar Halldórsson blindrakennari, sem sá einnig um bókagerð á blindralettri, skyndilega frá, 55 ára gamall, og þá vantaði einhvern til þess að skrifa bækur á blindralettri, sem nú er kallað punktaletur. Doddi frændi kom að máli við mig og spurði hvort ég vildi taka þetta verkefni að mér. Hann kom svo og kenndi mér blindraletur. Fyrst skrifaði ég á blindraritvél, með sex tökkum.

Á þessum tíma voru bræðurnir Arnþór og Gísli Helgasynir úr Vestmannaeyjum í Menntaskólanum í Reykjavík og þá vantaði kennslubækur og annað lesefni. Þetta voru alls konar bækur: kennslubækur í latínu, latneskt orðasafn, frönskubækur, enskubækur, stærðfræði o.fl. Gísli og Arnþór voru fyrstu blindu menntaskólanemendurnir. Kennsluefni var ákveðið svo seint á haustin að við máttum hafa okkur öll við. Arnþór og Gísli fengu frá mér nokkrar blaðsíður í senn. Eins og áður sagði skrifaði ég á handknúna vél sem var gömul og þurfti töluvert afl á takkana til þess að punktalettrið greindist betur. Skrifin urðu léttari þegar rafmagnsritvélin kom. Það var IBM-kúluritvél og í stað venjulegra bókstafa voru blindraletursstafir á kúlunni. Blindraletursblöðin voru síðan handplöstuð, þ.e. fjölfölduð á plast, en frumritið geymt til síðari notkunar. Ég man eftir að þegar ég

var að skrifa latneska orðasafnið var mikið rigningarsumar og ég var svo fegin að þá freistaði góða veðrið mín ekki. Ég umskrifaði sálmabók fyrir Þjóðkirkjuna á blindraletur. Ég skrifaði líka stjórnarskrána á blindralettri og ýmsar fleiri bækur.

Eitt verkefni var verulega erfitt. Arnþór var kominn í Háskólann og var m.a. að læra gotneska málfræði. Í bókinni var mikið af flóknum málfræðitáknum svo að við þurftum að búa okkur til alls konar merki fyrir þau á blindralettri. Mig minnir að gotneska málfræðin hafi verið um 300 blaðsíður á svartlettri en varð um 900 blindraletursblaðsíður.

Ég vann við kennslubækur fyrir grunnskóla eftir að blind börn fóru að sækja almennar deildir í skólum. Ég hafði mikla ánægju af þessum störfum.

Mér er það minnisstætt í byrjun starfa minna er ég kom til Rósu Guðmundsdóttur, þeirrar mætu konu. Rósa var þá formaður Blindrafélagsins. Kvöldið var dimmt en Rósa gekk ákveðnum skrefum að verkefnunum sem biðu mín, en ég þurfti að kveikja ljós til að geta séð eitthvað og það var kannski mín fötlun.“

Hver var Þórsteinn Bjarnason?

„Þórsteinn fæddist 3. desember árið 1900. Foreldrar hans voru Guðrún Þorsteinsdóttir og Bjarni Jónsson frá Vogu.

Saga Þórsteins er samtvinnuð sögu blindra manna á Íslandi í hartnær hálfu öld. Óeigingjarnt ævistarf sem ómetanlegt er.“

Hvað varð til þess að Þórsteinn gekkst fyrir stofnun Blindravinafélags Íslands?

„Þegar Þórsteinn var ungur maður veiktist



LANDMÓTUN.

hann af berklum. Móðir hans, föðuramma mín, ákvað þá að fara með hann til Danmerkur og leita þar lækninga. Þau dvöldu þar í þrjú ár og hún vann fyrir þeim báðum með saumaskap. Eflaust hefur Sigríður, systir Þórsteins, styrkt þau eitthvað, en hún vann í áratugi í Landsbankanum. Það má til gamans segja frá því að Sigríður var harðdugleg og þau bæði systkinin. Þegar hún hætti í Landsbankanum voru ráðnir þrír menn til þess að sinna starfi hennar.

Doddi frændi vann í mörg ár hjá Guðmundi í Trésmiðjunni Víði, á skrifstofunni þar. Honum var sagt upp störfum þegar hann var kominn um áttætt og var alls ekki sáttur. En þá gat hann farið að sinna Blindravinafélaginu miklu betur, hafði meiri tíma,“ sagði Helga og það vottaði fyrir dulitlu brosi og glettni í rödd hennar.

„En svo að ég snúi mér aftur að stofnun Blindravinafélagsins. Þegar Þórsteinn dvaldi í Danmörku sér til lækninga kynntist hann blindum pilti. Hann fór þá að kynna sér málefni blinda fólks og komst að því að það þyrfti að gera eitthvað fyrir þennan hóp á Íslandi. Það varð kveikjan að stofnun Blindravinafélagsins.

Tilgangur Blindravinafélagsins

Starfsemi félagsins var frá upphafi tvíþætt, þ.e. félagið skyldi vinna að því að fyrirbyggja blindu svo og að hjálpa þeim sem voru orðnir blindir. Á þessum árum var gláka aðalorsök blindu hér á landi.

Fræðslu var líka sinnt. Haldnir voru fyrirlestrar í útvarpi, ferðir farnar um landið, fræðsluefni dreift, útvarpstæki útveguð. Sækja þurfti um leyfi til að fá útvarpstæki til yfirvalda. Einnig voru gerðar bækur á blindraletri.

Blindravinafélag Íslands stofnaði Blindraskólann árið 1933. Fyrir þann tíma hafði engin kennsla verið fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga í landinu.

Það þurfti að útbúa kennslugögn. Fullorðið blint og sjónskert fólk fékk þarna kærkomið tækifæri til mennta. Auk skyldunámsgreina var þar handmenntakennsla, vélritun, sund- og orgelkennsla og kennt á fleiri hljóðfæri.

Og svo var reynt að sinna kennslu blindra barna eftir föngum. Ragnheiður Kjartansdóttir var fyrsti blindrakennarinn. Þegar hún féll frá skrifaði Kristín Jónsdóttir námsbækur á blindraletri ásamt ýmsum skáldverkum.


Ríkið tekur svo endanlega við rekstri Blindraskólans árið 1977, en fyrst stóð Blindravinafélagið alfarið undir rekstri skólans. Þess má geta að þegar tveir nemendur utan af landi hófu nám við skólann árið 1960 greiddu foreldrar þeirra fyrir skólavistina, laun blindrakennara og uppihald. Eftir það fengust greiðslur frá hinu opinbera sem stóðu undir launum blindrakennara.

Ekki má gleyma segulbandstækjum. Fólk á vegum Blindravinafélagsins las bækur inn á segulbönd sem síðar voru lánaðar út. Blindravinafélagið lánaði einnig blindu fólki segulbandstæki en á þessum árum voru tækin stór og fyrirferðarmikil og frekar dýr. Blindrafélagið hóf um svipað leyti að láta lesa bækur inn á segulbönd og í húsi félagsins var snemma innréttað sérstakt herbergi til þess.

Blindraíðn og blindraheimili

Blindravinafélag Íslands starfrækti burstagerð og körfugerð í vinnustofunni Blindraíðn og verslun í Ingólfsstræti 16. Þórsteinn hafði lært körfugerð og burstagerð. Hann stofnaði körfugerð og var með verslun

nettó





á horni Bankastrætis og Ingólfsstrætis í nokkur ár en gaf svo Blindravinafélaginu körfugerð sína. Hann kenndi fólki að draga í burstu, búa til alls kyns körfur og einnig voru framleidd þar húsgögn. Fyrstu árin bjó sumt af fólkinu sem vann í Blindraíðn í húsinu í Ingólfsstræti 16. Þar var mikið af fullorðnu fólki og mikið félagslíf var þar. Þegar fólkið vann við burstagerð og fleira var oft lesið upp úr dagblöðum og þegar segulbandstækin komu til sögunnar var gjarnan hlustað á eina sögu á meðan unnið var. Aðstæður voru kannski ekki alveg upp á það besta í Ingólfsstrætinu og það urðu stundum dulítið skondin slys einsog nú er sagt. Saga er sögð af einum fullorðnum manni sem bjó uppi á lofti og hafði næturgagn undir rúminu. Einu sinni þurfti hann að tæma næturgagnið og fljótlegasta leiðin var að opna gluggann og skvetta úr kopnum út um hann. Svo illa vildi til að virðulegur maður á frakka var á þeirri stundu á leið út úr húsinu og fékk gusuna yfir sig og á fína frakkann sinn. Frakkinn var sendur í hreinsun og dæmdur

ónýtur.

Blindravinafélagið festi svo kaup á stóru húsi við Bjarkargötu 8. Þar var rúm fyrir margt fólk og flutti fólkið sem bjó í Ingólfsstrætinu þangað ásamt fleira fólki. Þetta var margt mjög fullorðið fólk og það var iðulega keyrt á milli Bjarkargötunnar og Ingólfsstrætisins. Á þeim árum var ekki verið með neina stóra bíla heldur kúlbraðist fólkið í litlum skóða-sendibíl og þótti gott. Sambýlið á Bjarkargötunni var fjölbreytt og Blindraskólinn var fluttur þangað. Þeir elstu sem bjuggu þar voru fæddir um 1870 en þeir yngstu um 1960. Gamla fólkið var afar gott og þolinmótt við börnin og þoldi þeim ýmislegt. Dæmi voru um að sumt fólkið hefði ofan af fyrir nemendum og hjálpaði þeim við námið. Svo gekk tilhugalífið hjá sumum sinn gang og til varð eitt hjónaband úr því.

Fjölskylda Helgu

Hvernig gekk Helgu að vinna utan heimilis og sinna málefnum Blindravinafélagsins?

„Ég á stóra fjölskyldu, maðurinn

minn heitir Sigurður Einarsson og er byggingatæknifræðingur. Við eigum fjögur börn, tvo syni og tvær dætur. Við eigum fjögur tengdabörn, 11 barnabörn og fjögur barnabarnabörn. Börnin mín tóku drjúgan þátt í merkjasölu, afgreiðslustörfum og ýmsu í þágu Blindravinafélagsins.

Ég vann hjá Útflutningsráði Íslands sem bókari og síðar sem gjaldkeri í tæp 30 ár. Eftir að ég hætti að vinna hjá Útflutningsráði vegna aldurs sá ég um bókhald Ljóssins í nokkur ár. Ég lét langþráðan draum rætast á þessum árum og fór í íslenskunám í Háskóla Íslands og lauk BA-prófi 77 ára.“

Í árána rás hefur margt breyst í málefnum blindra og sjónskertra. Blindrafélagið var svo stofnað í húsnæði Blindravinafélagsins 19. ágúst 1939.

„Það urðu sárindi vegna þessa, ég neita því ekki. En samvinna félaganna á sér djúpar rætur og við hjá Blindravinafélaginu höfum lagt áherslu á að styðja við ýmis verkefni. Þar má nefna íslenska nýja talgervilinn, Þórsteinssjóð sem er varðveittur hjá Háskóla Íslands og sjóðinn Stuðning til sjálfstæðis. Félögin vinna sameiginlega að ýmsum málum eins og t. d. eiga félögin aðild að hjúkrunarheimilinu Eir sem Samtök blindra og blindravina.

Það var mikil áskorun fyrir mig að taka við sem formaður Blindravinafélagsins. Ég hefði aldrei getað höndlað þetta nema vegna þessa frábæra starfsfólks sem vann hjá Blindravinafélaginu. Ég á þessu fólki svo mikið að þakka. Það var sérlega erfið ákvörðun að leggja niður starfsemi Blindraíðnar og selja Ingólfsstræti 16. En tímarnir höfðu breyst svo að enginn



grundvöllur var lengur fyrir starfseminni í þeirri mynd sem hún var.“

Lokaorð

„Blindravinafélag Íslands var stofnað til þess að sýna fram á að blindir einstaklingar gætu lært, unnið og verið nýtir þjóðfélagsþegnar. Á rúmlega 80 árum hefur þetta tekist svo vel að það hvarflar varla að nokkrum manni að blindir menn geti ekki það sem þeir ætla sér. Þótt uphaflegum markmiðum félagsins hafi verið náð breytast tímarnir og það verður alltaf þörf fyrir stuðning við blint fólk eins og aðra sem eiga við fötlun að stríða.“

Nú er frumkvæðið að málefnum blindra og sjónskertra í höndum Blindrafélagsins. Blindravinafélagið er ómetanlegt og betri bakhjarl er vart hægt að hugsa sér.

-Gísli Helgason





SAMFÉLAGSLAMPI BLINDRAFÉLAGSINS 2019

Tilgangurinn með veitingu Samfélagslampans er að vekja athygli á fyrirtækjum, stofnunum og/eða tilteknum aðgerðum eða verkefnum sem með einum eða öðrum hætti hafa stuðlað að auknu sjálfstæði blindra og sjónskertra einstaklinga.

Samfélagslampi Blindrafélagsins er einstakur gripur, handsmíðaður af Sigmari Ó. Maríussyni gullsmíðameistara. Um er að ræða upphleypta lágmynd úr silfri sem sýnir lampann úr merki Blindrafélagsins. Lampinn er festur á sagaða og slípaða steinflís úr skagfirsku blágrýti. Steinflísin stendur á tveimur járnpinum á blágrýtisfæti. Á fætinum er síðan silfurskjöldur með áletrun um verkið og tilefni þess.

Að þessu sinni hefur stjórn félagsins ákveðið að veita Ó. Johnson & Kaaber og Hljóðbókasafni Íslands viðurkenninguna. Í rökstuðningi stjórnar kemur fram að Ó. Johnson & Kaaber sé veittur samfélagslampi fyrir farsælt og árangursríkt samstarf við sölu og dreifingu á vörum Blindravinnustofunnar.

Samfélagslampi Blindrafélagsins veittur Hljóðbókasafni Íslands, áður Blindrabókasafni Íslands, fyrir ómetanlega þjónustu í áratugi við að opna aðgang blindra og sjónskertra einstaklinga að lefni.

Grætur þú upp úr þurru?

Vertu viss með
VISMED



Tárin sem endast

Inniheldur engin rotvarnarefni og því eru hverfandi líkur á ofnæmi. Vismed inniheldur hýalúrónsýru sem er smurolia náttúrunnar og finnst víða í mannlíkamanum. Vismed myndar náttúrulega táfílmum á yfirborði hornhimnunnar sem endist óvenjulengi á auganu.

VISMED® fæst í öllum helstu apótekum



HLJÓÐBÓK FRÁ UPPHAFI TIL ENDA

Hljóðbókasafn Íslands sinnir hljóðbókagerð fyrir blinda og sjónskerta og þegar félagsmenn Blindrafélagsins eru spurðir í könnunum segja þeir ávallt að þjónusta hljóðbókasafnsins sé ein sú mikilvægasta sem í boði er fyrir blinda og sjónskerta. Viðsjá heimsótti safnið á skrifstofu þess í Kópavogi og forvitnaðist um það hvernig hljóðbók verður til.

Það er sólríkur júní dagur þegar við setjumst niður með Alfred Halldórssyni og Hafþóri Ragnarssyni í kjallaranum undir Hamraborginni og spyrjum þá hvernig hljóðbók verður til.

Það eru nokkrar leiðir, segir Hafþór, við fylgjumst mjög vel með því hvað verið er að gefa út. Sumt er sjálfgefið vegna vinsælda – þær eru alltaf lesnar. Svo eru aðrar sem við tökum til greina, þar reynum við að taka tillit til fjölbreytni, hafa breidd í útgáfu. Svo fáum við töluvert af beiðnum og við reynum eftir fremsta megni að verða við beiðnum

frá blindum um að lesa tilteknar bækur. Við förum yfir þetta á bókavalsfundi þar sem allir starfsmenn safnsins setjast saman og meta hvaða bækur ætti að lesa og hverjar þurfa að bíða.

Það er ekki hægt að lesa allt sem kemur út, því miður, svo það þarf að velja og hafna. Við framleiðum um 250 bækur á ári en það koma út um 1000 á markaði á Íslandi ár hvert. Við erum ekki bara að lesa nýjar bækur, við reynum líka að fylla upp í göt í safnkostinum og lesum eldri bækur eftir beiðni. Sumar upptökur sem til eru nú þegar í safninu eru



ekki í nógu góðum gæðum og þá látum við endurgera þær. Það er svona 2–3 bækur á ári sem eru endurgerðar.

Til að mynda var verið að lesa aftur inn Meistarann og Margarítu eftir Mikhaíl Búlgakov, bók sem var til en okkur var bent á að hún væri ekki í nógu góðu ástandi.

En stærsti hlutinn er nýjar bækur og þá er um að gera að fylgjast vel með, svo að notendur safnsins hafi aðgang að þeim bókum sem verið er að tala um í þjóðfélaginu. Það þarf að gerast fljótt, það þýðir ekki að bíða marga mánuði með slíkt, bætir Alfreð við og heldur áfram: Svo geta auðvitað verið mismunandi skoðanir á því hvaða bækur eru mikilvægar og oft eru líflegar umræður á bókavalsfundunum hjá okkur.

Við þurfum líka að hugsa um alla notendur. Hljóðbókasafnið sinnir öllum þeim sem hafa ekki aðgang að prentuðu letri. Það geta verið blindir og sjónskertir, en líka einstaklingar með ýmiss konar greiningar eða fólk sem er að glíma við erfið veikindi. Við sinnum börnum og leggjum okkur fram við að lesa inn barnabækur og það er töluvert öðruvísi verk en að lesa inn skáldsögur fyrir fullorðna eða námsefni.

Þegar búið er að ákveða hvað bók á að lesa inn er næsta skref að undirbúa lesturinn, segir Hafþór, það þarf að ákveða hvernig lestur þetta verður, hvort lesa eiga allar myndir og myndaskýringar, hvort töflur eða texti þurfi að fylgja með o.s.frv.

Næsta skref er svo að velja lesara, en safnið býr að mjög góðum og traustum hópi lesara sem við getum valið úr. Það er gaman að segja frá því að allir eru velkomnir til þess að mæta í lestrarprufu og það eru ótrúleg margir sem mæta hingað til þess að prófa að lesa. Við

höfnum hins vegar um 95% þeirra sem koma því að við búum svo vel að eiga mjög góða og reynda lesara. Við leyfum okkur því að velja bara þá allra bestu.

Alfreð bætir við: Reynslan skiptir svo miklu máli í þessu, lesarar eru miklu betri þegar þeir hafa nokkurra ára reynslu af þessu starfi. Þeir vinna sjálfstætt við lesturinn, þurfa að læra nokkrar skipanir til þess að geta leiðrétt villur og annað. Það eru því gerðar miklar kröfur til þeirra.

Hafþór: Við veljum lesara sem hentar hverri bók fyrir sig og undanfarið höfum við ítrekað lent í því að þurfa að hafa meira en einn lesara í hverri bók. Rithöfundar eru alltaf að reyna a mörkin og leika sér til dæmis að því að láta mismunandi persónur tala í fyrstu persónu og greina á milli með því að breyta um letur. Slíkt heyrir ekki í hljódupptöku og þá þarf að nota raddirnar til þess að greina á milli.

Fólk hefur oft mjög sterkar skoðanir á lesurunum og það er skondið hvernig sumir lesarar eru bæði elskaðir og hataðir. Við erum innanhúss líka með mjög skiptar skoðanir á þeim, en þegar búið er að huga að gæðum er restin bara smekkur og það er persónubundið. Við hvetjum lesarana til þess að láta textann tala fyrir sig, það eru mjög fáir sem ráða við leiklestur og við viljum ekki að bækurnar hljómi eins og verið sé að talsetja teiknimynd. Þetta snýst fyrst og fremst um að gera bækur aðgengilegar fyrir þann hóp sem hefur ekki aðgang að prentuðu efni og ekki um að búa til vöru fyrir markað. Þeir einkaaðilar sem eru að búa til hljóðbækur fyrir markað hafa mun meira frelsi til þess að leika sér með hljóð og vinna lesturinn. Við reynum að koma út bók á dag til þess að geta fylgt útgáfunni eftir og



erum ekkert að skreyta þær.

Við vitum að margir höfundar hafa áhuga á því að lesa bækurnar sjálfir. Við skiljum það vel en höfum sjaldnast tíma til þess að bíða eftir þeim. Þeir eru önnur kafnir í kjölfar bókaútgáfu og komast ekki í verkið fyrr en mörgum mánuðum seinna og á meðan hafa okkar notendur ekki aðgang að bókinni.

Þegar búið er að velja lesara og fara vel yfir textann er bókaður tími í stúdíói og það þykir mjög gott ef hægt er að ná tveggja tíma lestri á þremur til fjórum tímum í hljóðveri. Við erum með okkar eigin hljóðver og getum fylgst með lesurum að störfum. Við sjáum upptökuna verða til og getum kveikt á hátalara til þess að hlusta ef okkur hugnast.

Þegar bókin hefur verið lesin inn förum við sjónrænt yfir hana. Við eigum ekki kost á að hlusta á allar upptökur, við treystum lesurunum til þess að skila þeim vel frá sér en við tökum stikkprufur og rennum svo yfir hljóðskrárnar sjónrænt til þess að sjá hvort það er eitthvað óvenjulegt við þær. Við eyðum þannig miklum tíma í að horfa á hljóðbækur, bætir Hafþór við brosandí.

Þegar bókin er fullunnin og rétt merkt fer hún í dreifingu og við fáum oftast strax viðbrögð ef það er eitthvað mikið að.

Reyndar eru dæmi um að villur geti leynst lengi í bókum án þess að nokkur geri okkur viðvart. Þannig fengum við ábendingu um að það heyrir símtal í miðjum lestri á 10 ára gamalli upptöku, sem hefur verið í miklu útláni en enginn hefur bent okkur á það fyrr. Bókin gerist á miðöldum svo það virkar mjög undarlega þegar lesari svarar í farsíma og

segist vera á leiðinni heim. Við hvetjum fólk til þess að láta okkur vita af svona löguðu ef það rekst á það.

Heyrið þið mikið í notendum safnsins?

Já, það eru ótrúlega margir sem koma eða hringja til þess að þakka okkur fyrir þjónustuna. Það er svo dásamlegt. Foreldrar sem héldu að börnin kæmst aldrei í gegnum stúdentspróf koma með blóm og tár í augunum á útskriftardaginn til þess að þakka okkur fyrir. Fólk sendir kökur og nammi, jafnvel handavinnu og útskurð, kannski eitthvað sem fólk hefur dundað sér við á meðan það hlustar. Það er alveg ótrúlegt hvað notendur eru þakklátir. Við tökum starf okkar mjög alvarlega og viljum heyra í fólki hvort sem það er þakklátt eða hefur einhverjar ábendingar um það sem betur mætti fara.

Hvernig lítur framtíðin út fyrir safnið?

Við vitum lítið um framtíðina, segir Hafþór, við erum með mjög takmarkað fjármagn og gætum gert svo miklu meira ef við hefðum fé til þess. Það er talað um að sameina okkur Landsbókasafninu en okkur hugnast það ekki endilega, alls staðar annars staðar í heiminum er þessi þjónusta í sjálfstæðri stofnun. Hún er svo sértæk, þarfnast svo mikillar sérfræðikunnáttu að það er erfitt að ímynda sér að hægt sé að sinna þessu meðfram öðru. Tæknin er alltaf að breytast og við reynum að fylgjast með og vinna nýjar lausnir. Við erum komin með hljóðbókarapp og ætlum að reyna að efla rafbókaútgáfuna okkar.

-Rósa María Hjörvar





AÐGENGISLAUSNIR

Blindrafélagið kynnir með stolti nýja frábæra línu af aðgengislausnum. Tékkneska fyrirtækið Handi friendly er þekkt fyrir gæði og fjölbreytt úrval og býður, í samstarfi við Blindrafélagið, íslenskum hönnuðum og arkitektum upp á mikið úrval af bæði efnis- og litalausnum, hvort sem er innan dyra eða utan. Hér er því tækifæri fyrir hönnuði og arkitekta til að fella aðgengi fyrir blinda og sjónskerta inn í grunnhönnun á frumstigi og þar með tryggja

að hugmyndir og hugsjónir þeirra fái að njóta sín óhindrað ásamt því að uppfylla kröfur nútímans um aðgengi.

Ráðgjöf og upplýsingar veita

Rósa María Hjörvar rosa@blind.is

Kristinn Halldór Einarsson khe@blind.is





ÁHUGINN SKIPTIR ÖLLU

Íslenska ríkið starfrækir Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, en sú stofnun hefur leikið lykilhlutverk í að bæta aðstæður og kjör blindra og sjónskertra á Íslandi undanfarin 11 ár. Hjá Miðstöð starfa fjölmargir sérfræðingar og ráðgjafar, ein þeirra er Elín Marta Ásgeirsdóttir, náms- og starfsráðgjafi. Víðsjá hitti hana og forvitnaðist um starfið og verkefnið.

Hvað hefur þú starfað hér lengi?

Ég átti tíu ára starfsafmæli um daginn, það er gaman að segja frá því að ég sótti aldrei um vinnu hér. Ég var námsmaður við Háskóla Íslands og sótti um sumarstarf í gegnum Félagsstofnun stúdenta. Mér bauðst vinna í afgreiðslunni hér. Ég var að læra náms- og starfsráðgjöf og ætlaði ekki að vera hér neitt lengi. En svo bauðst mér vinna fyrst sem hluti af bókkagerðinni okkar, þar sem unnið er við að aðlaga bækur fyrir námsmenn, og svo sem náms- og starfsráðgjafi.

Hvað gerir náms- og starfsráðgjafi?

Bókkagerðin tryggði aðgengi að námsefni fyrir blinda og sjónskerta sem var algjör bylting. Þegar ég hóf störf var eiginlega enginn í háskóla en þegar námið varð aðgengilegt voru margar sem fóru í nám og nú erum við alltaf með nokkra háskólanema í þjónustu. Fyrst um sinn sinnti ég námsráðgjöf fyrir þann hóp í tengslum við bókkagerð, var í samstarfi við námsráðgjafana úti í skólunum, talaði við kennara og tryggði það að fólk fengi þau gögn og það rými sem það þyrfti til náms vegna fötlunar. Nú er þetta



komið í ágætislag og ég einbeiti mér meira að því að veita einstaklingsráðgjöf, að aðstoða fólk við að finna nám eða vinnu við hæfi.

Fólk kemur til mín í einstaklingsviðtöl með tilvísun frá félagsráðgjafanum okkar eða af sjálfsdáðum. Þá er það helst að leita að einhverri virkni. Flestir eru á góðum stað í lífinu en sakna þess að vera í virkni, eru kannski orðnir svolítið hikandi og efast um getu sína eða möguleika. Ég fer með þeim í gegnum ferlið og hef samband við þá aðila sem koma að málinu, t.d. Vinnumálastofnun. Kannski vill viðkomandi fara á námskeið til þess að auka færni sína og þá fer ég með fólki í gegnum það o.s.frv. Svo veit fólk stundum ekkert hvað það vill og þá skoðum við málin saman og tökum jafnvel áhugasviðspróf. Oft er mitt hlutverk bara að hvetja fólk áfram, að sýna því fram á að þótt það sé með einhverja skerðingu sé til starf eða virkniúrræði fyrir það. Ég vil ítreka að enginn er eins, sá sem er með sjónskerðingu er ekki endilega eins og næsti maður með sjónskerðingu, það eru

engin „blindrastörf“. Hver og einn hefur sín áhugamál og sína getu. Ég get verið talsmaður fólks, verið stuðningur og hvatt fólk áfram – en áhuginn skiptir öllu. Einstaklingurinn verður að fara á sínum forsendum.

Hvernig er viðhorfið gagnvart blindum og sjónskertum í samfélaginu?

Þegar ég byrjaði var það mjög lokað. Það er enn mikil hræðsla, ég fæ undarlegar spurningar eins og hvernig viðkomandi muni komast á klósett og annað slíkt. En ég er þrjósk og tala máli skjólstæðinga okkar og smám saman batmar þetta. Háskólinn er dæmi um það, okkur gengur mjög vel þar núna í flestum tilvikum og sú hræðsla sem var er að mestu leyti horfin. Svona verðum við bara að halda áfram að tala máli blindra og sjónskertra svo að vinnuveitendur og aðrir skilji betur hversu fær og fjölbreyttur hópur þetta er.

-Rósa María Hjörvar

Fáðu góðar vörur á góðu verði og láttu gott af þér leiða – þá vinna allir!



Plöstun

Við plöstum bækur, pakka og margt fleira



Handavinna

Við getum pakkað, brotið, merkt og ýmislegt annað



Allt fyrir skrifstofuna

Ritföng, pappír og aðrar skrifstofuvörur



Möppur

Úrval af möppum í öllum stærðum og gerðum

Kíktu á heimasíðu múlalundar – www.mulalundur.is
Þú pantar og við sendum til þín hvert á land sem er



EKKERT TIL AÐ SKAMMAST SÍN FYRIR

Viðtal við Gísla Helgason

Gísli Helgason er þjóðkunnur tónlistarmaður og dagskrágerðarmaður. Hann hefur verið sjónlítill alla ævi og lagt sitt af mörkum sem félagsmaður, starfsmaður og formaður Blindrafélagsins. Undanfarin ár hefur hann staðið að útgáfu hljóðtímaritsins Valdar greinar sem gerði félagsmönnum Blindrafélagsins kleift að fylgjast með gangi mála í samfélaginu og innan félagsins. Í Völdum greinum er að finna greinar úr dagblöðum, viðtal við áhugavert fólk úr samtímanum og tilkynningar úr starfsemi félagsins. Nú er komið að tímamótum hjá Gísli, þar sem hann hefur látið af störfum sem ritstjóri Valinna greina og snúið sér að öðrum verkefnum. Gísli hefur undanfarin níu ár tekið óteljandi viðtöl við alls konar fólk og okkur fannst tímabært að snúa hljóðnemanum við og kynnast þessum athafnasama manni aðeins betur.

Við hittum Gísli á heimavelli, í hljóðveri sem hann starfrækir í Ármúla, en hér sinnir hann meðal annars hljóðbókagerð undir merkjum Hljóðbók.is. Herdís Hallvarðsdóttir tekur á

móti okkur og vísar inn. Fiðrildahundurinn góði Bjartur er aldrei þessu vant ekki á staðnum en þeir Gísli sjást ósjaldan á vappinu saman.

Við fáum okkur kaffisopa og ég spyr Gísli hvenær hann hafi fyrst vitað að hann væri sjónskertur.

Ég man vel eftir því að þegar ég er 3-4 ára er ég staddur utan við bíl sem pabbi átti og mér sagt að flýta mér að setjast inn því að það séu að koma bílar og það sé hættulegt. En ég sá þá varla. Ég var alinn upp þannig að ég vissi aldrei af því að ég væri sjónskertur, lék mér bara með hinum krökkunum. Svo seinna þegar ég var 6-7 ára var ég að selja blöð í Vestmannaeyjum eins og allir krakkar gerðu þá, maður fór í hús og bankaði upp á og ég seldi fyrir soðningaríhaldið, kratana, framsókn og kommana. Ég hafði mikinn áhuga á bílum og þekkti margar gerðir og einhvern tímann fór ég inn á Bílastöðina í Eyjum að selja blöð. Mér var stillt upp fyrir framan marga rísa, sá bara upp á axlirnar á þeim og allir spurðu: „Hvað heiti

ég? Veistu hver ég er?“ og svona gekk þetta. Held að þetta hafi verið ágætisskemmtun hjá bílstjórunum. Ég þekkti suma á röddunum. Ég brotnaði eiginlega niður við þetta, fór allur inn í mig, varð dálítið aumur í sálinni, því að þá fattaði ég að ég væri kannski ekki eins og allir aðrir. Kannski er það vegna þessa sem ég á það til að vera svolítið viðskotailur ef fólk segir: Þekkir þú mig ekki? Þetta var erfið reynsla fyrir lítinn sex ára peyja. Eiginlega bara óþverraskapur. Þegar ég svo seinna kynnist fólki frá Blindrafélaginu verð ég var við að þar biður fólk um að kynna sig með nafni. Þegar Halldór Rafnar varð formaður benti hann ítrekað á að þetta vær illur leikur og í dag er það bara einstaka maður sem gerir svona en flestir kynna sig með nafni.

Hvernig voru leikfélagarnir í Eyjum?

Þeir voru finir og vissu örugglega að ég var sjónskertur en ég fann ekkert fyrir því, var með í mestöllu og nokkrum prakkarastrikum líka. Ég var aldrei með í fótbolta eða neinu slíku enda hafði ég engan áhuga á íþróttum og fannst það eitthvað það vitlausasta sem fólk gerir. Það var vinsælt að hoppa niður af svölum vestan megin við húsið, þar sem ég átti heima, það var ekki hátt niður, um einn og hálfur metri. Einhvern tímann man ég að ég vildi gera betur og fór og hoppaði fram af svölunum norðan megin og það varð töluvert hærra fall. Ég lét vaða, lenti flatur á bakinu eins og skotinn og meiddi mig töluvert.

Hvað með foreldra þína?

Það var örugglega ekki létt verk að ala mig og tvíburabróður minn upp. Við vorum fyrirferðarmiklir, ég var samt aðeins mildari í skapi. Þeim var innrætt af manni sem kom frá Blindravinafélagi Íslands að ala okkur upp eins og hver önnur börn. Þau fylgdu því mjög fast eftir og ég held að ég hafi búið vel að því. Ég

lendi í því á fullorðinsárum að þurfa að verja hendur mínar, verja það sem ég hafði áorkað, ég hefði aldrei getað gert það ef ég hefði ekki búið að þessu uppeldi úr Eyjum. Það veitti mér sjálfstraust og styrk til þess að láta ekki ganga á rétt minn eða annarra – það hefur verið mitt að verja rétt minn og annarra sem eru með fötlun.

Hvernig kemur það til að þið bræðurnir farið í skóla í Reykjavík?

Það kom blindrakennari til Eyja 1959, þegar við vorum sjö ára, og sýndi okkur blindraletur. Við áttum að byrja í skóla þá um haustið en einn eldri bróðir okkar lá fyrir dauðanum vegna hvítblæðis. Mamma treysti sér þá ekki til að senda okkur suður. En 1960 þegar við vorum orðnir átta ára var henni sagt að við yrðum að fara í skóla. Þá var bróðir okkar látinn og þetta var mikið högg fyrir alla fjölskylduna. Við vorum átta systkini, ein systir og sjö bræður. Við Arnþór erum örverpi, 23 ár á milli okkar og þess elsta. Annar bróðir okkar dó þegar við vorum eins árs og svo deyr Helgi bróðir úr hvítblæði 1960, þegar við erum átta ára. Þá fórum við suður. Ég á eina mjög erfiða minningu tengda því, það var að koma jólafrí og það var ekki flogið til Eyja. Foreldrar okkar hringdu og ég spurði pabba hvort hann gæti ekki sent bát eftir okkur til Þorlákshafnar, hvort hann gæti ekki látið ná í okkur, hvort hann gæti ekki sent annaðhvort hann Skaftfelling eða Helga Helgason, sem var þá flaggskipið hans. En hann sagði að það væri ekki hægt, svo ég sagði: „Þú sendir bát eftir Guðrúnu systur svo hún gæti verið við jarðarförina hans Helga bróður“. Þá varð þögn í símanum. Mamma tók við og bað mig um að vera rólegan – það yrði kannski flogið á morgun. Það gekk eftir.



Þið fóruð þá að heiman átta ára?

Já, þetta hefur mótað mig mikið, ég held að það sé eitthvað það versta sem börnum er gert, að rífa þau upp frá heimabyggð sinni. Eiríkur Guðnason skólastjóri átttaði sig á þessu og seinna þegar það var sjónskert barn í Eyjum var tryggt að það barn fengi alla þá aðstoð sem það þurfti í heimabyggð. Hann sagði bara beint út að hann þekkti okkar sögu og vildi ekki að rætur barna slitnuðu upp með þeim hætti.

Hvar bjugguð þið í Reykjavík?

Blindravinafélag Íslands rak blindraskóla á Bjarkargötu 8 og þar var margt fólk sem var fætt um 1870 og eitthvað fram eftir, harðfullorðið fólk. Þetta var í húsi sem Jón Þorláksson forsætisráðherra hafði byggt á sinni tíð og var ekki hentugt. Þarna var daldið sérstakt samfélag, mjög samheldið fólk en það hafði hver sitt. Ég var ekkert smeykur við fólknið enda vanur að umgangast fullorðið fólk, foreldrar mínir eignuðust okkur seint, móðir mín að verða 44 ára gömul og pabbi á sextugsaldri, þannig að við umgengumst margt fullorðið fólk svo að það var ekkert nýtt. Okkur var tekið afskaplega vel og við fengum að heyra ýmsar sögur. Það heyrðust oft kynjahljóð ofan af lofti og einn maður sagði það vera draugagang, en einhvern tímann heyrðist umgangur og svo kom mikið kvein. Það var farið og athugað uppi á lofti og þá kom í ljós að þessi sami alblindi maður hafði átt þar ástarfundi með vinkonu sinni en lent í því að fá þursabit í miðju verki. Þegar þetta komst upp var ekki annað í stöðunni en að þau giftu sig. Og þar með hvarf draugagangurinn. Við bjuggum þarna þangað til að við snerum aftur til Eyja til þess að fara í 12 ára bekk. Þetta er stórt hús, við vorum tveir í herbergi, hinum megin við vegginn var kennslustofan, það var

kennt í einu herbergi. Þarna var ráðskona og vinnukona sem sá um okkur. Hjónin sem voru þarna til að byrja með, Steinunn Lárusdóttir og Ólafur Ögmundsson, voru okkur næstum eins og foreldrar. Þau voru afskaplega gott fólk. Það voru ekki margir krakkar þarna, við tveir, Haraldur Örn Haraldsson, Leifur Magnússon stoppaði stutt við og svo Fjóla Björk Sigurðardóttir. Haraldur Gunnar Hjálmarsson var líka stutt og svo drengur frá Akureyri sem var heldur ekki lengi.

Hvernig var að koma í stórborgina Reykjavík fyrir strák úr Eyjum?

Það var dálítið sérstakt. Ég man að fyrst þegar ég heyrði í brunabíl rauk ég af stað. Við vorum vanir því í Eyjum að þegar kom upp eldur hlupum við peyjarnir niður á slökkvistöð og röðuðum okkur á annan brunabílinn sem var frá 1929. Það þurfti að ýta honum í gang og við tókum það að okkur. Ég hljóp eftir Hringbrautinni á fullri ferð en var stoppaður af lögreglumanni sem spurði hvert ég væri að fara og ég spurði á móti hvar væri kviknað í. Ég sagðist vera úr Vestmannaeyjum og hann sagði á móti að það væri ansi langt þangað sem kviknað hefði í og skutlaði mér bara upp á Bjarkargötu aftur.

Hvað með félagslífið?

Það voru haldnar skemmtanir, oftast á vegum einhvers góðgerðarfélags, svo kom maður með segulbandstæki og hélt trúarmessur. Mér leiddist þessi góðgerðarstimpill strax sem barn, hvernig fólk þurfti alltaf að klína honum á allt sem það gerði. Foreldrar mínir voru stóratnafnafólk og þau voru ekkert að básúna það þegar þau gerðu eitthvað fyrir náungann. Sigtryggur bróðir sagði að pabbi hafði verið eins konar félagsmálastofnun og ég hitti enn



fólk sem man eftir að hafa fengið aðstoð frá honum. En það var aldrei talað um það.

Hugurinn leitaði alltaf heim til Eyja. Mér fannst gott að vera þar. Þegar gosið var vorum við Arnþór skikkaðir til að vera með útvarpsþátt sem hét Eyjapistill og var daglega í rúmlega ár, alls um 260 þættir. Þá kynntist ég mörgum og endurnýjaði kynni við aðra. Á þeim tíma reyndi ég við lögfræði í Háskóla Íslands en það var borin von því að námið var mér ekki aðgengilegt. Við fengum góðan lesstuðning í MR en það dugði ekki í háskóla. Gosið í Eyjum varð til þess að ég lagði fjölmiðlun fyrir mig og það hefur í raun verið starfsvettvangur minn alveg síðan.

Hvernig kom til að þið tókuð að ykkur Eyjapistilana?

Stefán Jónsson útvarpsmaður bar ábyrgð á því. Hann sagði að það yrði að fá menn í þetta sem gætu talað við alla og að hann þekkti tvo svoleiðis menn. Einhverjir mölduðu í móinn. Pabbi hafði verið framsóknarmaður og lent í hörðum átökum við soðningaríhaldið í Eyjum og margir héldu kannski að við ættum harma

að hefna. En ég ákvað strax að leggja mig fram um að byggja brú og gekk mjög langt til þess að ná tali af fólki sem hafði jafnvel verið harðir andstæðingar föður míns. Byrjaði þá á því að taka í höndina á mönnum og segja þeim að láta liðið vera liðið. Það var ekki auðvelt. Sumir brotnuðu niður. En mér fannst þetta rétt. Af hverju á maður að vera að hatast við fólk vegna þess sem liðið er?

Þegar ég áttaði mig á því að ég ætti ekki framtíð í háskólanum ákvað ég að leggja fyrir mig hljóðbókagerð og sótti um starf á vegum Blindrafélagsins og Borgarbókasafnsins sem seinna þróaðist út í það sem við þekkjum sem Hljóðbókasafn Íslands. Það var alls ekki sjálfsagt mál að ég fengi þá stöðu. Við Arnþór höfðum verið á kafi í hljóðritunum þegar við byrjuðum að vinna hjá útvarpinu og vorum ekki alltaf með tæknimenn, fórum stundum á stúfana með upptökutæki sjálfir. Ég þekkti þetta því ágætlega.

En hvar kom tónlistin inn?

Tónlistaráhuginn byrjaði þegar ég var krakki.

